



## Hafnarstræti 1-3 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. mars 2023 var lögð fram fyrirspurn Okkar Barsins ehf., dags. 17. janúar 2023, um að breyta bílastæði á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti í útisvæði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Hafnarstræti 1-3 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 5. nóvember 2002 með síðari breytingum.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 1 við Hafnarstræti er skráð veitingahús og verslun á viðskipta- og þjónustulóð, byggt árið 1907 skv. fasteignaskrá. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á breytingum á bílastæði í svæði fyrir útveitingar á borgarlandi austan megin við húsið, sjá loftmynd:

Útveitingasvæði mega eingöngu vera við húsnæði þar sem viðkomandi rekstur er. Svæðið fyrir utan húsið er hluti af borgarlandi og gilda þar með reglur um afnot af borgarlandi vegna útveitinga:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_um\\_utveitingar2018.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_utveitingar2018.pdf) Fjalla leiðbeiningarnar m.a. um uppstillingu borða, stóla og annarra götugagna. Rekstraraðilum er ráðlagt að hafa samráð við deild borgarhönnunar vegna tilhögunar útisvæðis og afnota af borgarlandi.

Heimilt er að sækja um afnot af bílastæðum til útveitinga, svokölluð hvilustæði. Sótt er um hvilustæði á netfangið [usk@reykjavik.is](mailto:usk@reykjavik.is). Tryggja skal örugga umferð gangandi vegfarenda framhjá útisvæði og þá sérstaklega vegna gangbrautarinnar í þessu tilfalli.

Leiðbeiningar um hvilustæði og umsókn þeirra: <https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-04/Lei%C3%B0beiningar%20um%20hv%C3%ADlust%C3%A6%C3%B0i2023.pdf>

## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi sækir um afnot af bílastæði til útveitingar, svokölluð hvilustæði. Sótt er um hvilustæði til borgarhönnunar [usk@reykjavik.is](mailto:usk@reykjavik.is)

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri

